

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 24. maí 2016, kl. 11:30 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Salvör Nordal og Elínborg Sturludóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.
2. *Breytingar á stjórn.* Irma Sjöfn Óskarsdóttir hefur sagt sig úr stjórn Siðfræðistofnunar en í staðinn hefur Kirkjuráð tilnefnt Elínborgu Sturludóttur, sóknarprest í Stafholti. Irmu var þakkað langt og farsælt starf í þágu stofnunarinnar og Elínborg boðin velkomin.
2. *Ársfundur og landsiðaráð.* Stofnunin hélt afar vel heppnaðan ársfund 6. janúar s.l. þar sem spurt var hvort setja ætti á laggirnar landsiðaráð líkt og starfrækt er í nágrennalöndunum. Fulltrúar stjórnarmálaflokka og landlæknir tóku þátt í umræðum og aðsókn að fundinum var afar góð. Niðurstaða fundarins var sú að best færi á því að Siðfræðistofnun gerði tillögur að tilhögun landsiðaráðs. Í framhaldinu átti stjórnarformaður og forstöðumaður hugarflugsfund með Ástríði og Henry þar sem ákveðið var að skrifa forsætisráðherra bréf þar sem farið væri fram á styrk til stofnunarinnar sem svarar einum og hálfum árslaunum eða 12 milljónir á ári. Samþykkti stjórnin þessar tillögur.
3. *Fundir vegna plastbarkamálsins.* Rætt um fundi sem stjórnarformaður, forstöðumaður og Ástríður Stefánsdóttir hafa átt vegna plastbarkamálsins svokallaða við rektor, landlækni og heilbrigðisráðherra, en málið hefur fengið gífurlega umræðu í Svíþjóð þar sem fjölmargar rannsóknir hafa verið settar á fót. Í framhaldi af fundi við ráðherra var skrifað bréf þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að gerð væri sérstök rannsókn á hlut íslenskra lækna og stofnana í málinu.
4. *Málþing, útgáfa og kynningarmál.* Farið yfir kynningarmál Siðfræðistofnunar og helstu atburði, s.s. eins og lokaatburð vegna Nerri verkefnisins sem haldinn var í Listasafni Reykjavíkur í 13. febrúar, heimsókn Angusar Dawson sem hélt erindi 18. mars um lýðheilsu, málstofu siðfræðistofnunar á Hugvísindapingi sem bar yfirheitið Andspænis dauðanum, þátttöku Siðfræðistofnunar í málstofu um Panamaskjölin, málstofu um öndunarvélahafa 10. maí og ráðstefnu um heimspeki Páls Skúlasonar 27.-28. maí í samvinnu við Heimspekistofnun. Þá var rætt um mögulegar málstofur í haust, til dæmis um innflytjendur, genalækningar (Crispr) og hverfandi mannúð. Á sviði bókaútgáfu er þýðing á bókinni Siðfræði og samfélagsábyrgð eftir Øyvind Kvalnes tilbúin og áætlað að hún komi út í haust. Þá er í undirbúningi greinarsafn með niðurstöðum lýðræðisverkefnisins.

5. *Farið yfir stöðu helstu rannsóknaverkefna hjá Siðfræðistofnunar s.s. NERRI verkefninu, norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði, COST: ChipMe, Samþættingarverkefni og Hvalaverkefni. Þá var gerð grein fyrir þátttöku stofnunarinnar í nokkrum styrkumsóknum m.a. til Nordforsk og Evrópusambandsins.*
6. Ársskýrsla Siðfræðistofnunar lögð fram.
7. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund í september.

S.N.